



## Íslandsk selskab for Sårhelings 1. árs jubilæum den 28.oktober 2005.

Nú er liðið rúmlega eitt ár frá stofnun SumS, Samtaka um sárameðferð á Íslandi. Við höldum góða ráðstefnu á eins árs afmælinu, á Hótel Loftleiðum, þar sem mörg góð erindi voru flutt. Fyrir hádegi voru flutt erindi um hreinsun sára, sýkt sár, slagæðasár og meðferð bláæðasára. Eftir hádegi voru flutt erindi af dönskum gestum, annars vegar erindið “Þrýstingssár frá sjónarhóli iðjubjálfa”, en það var Ulla Moe, iðjubjálfi sem stödd var hér á landi, sem flutti það skemmtilega erindi. Hins vegar var flutt erindi um notkun VAC (Vacuum Assisted Closure) í sárameðferð. Það var Annette Norden, hjúkrunarfræðing sem flutti það erindi, en hún hefur margra ára reynslu af notkun þess. VAC hefur lítið verið notað á Íslandi ennþá en þó eitthvað. Eftir erindi Annette er ég sannfærð um að forvitni og áhugi á þessari meðferð eigi eftir að aukast hér á Íslandi.

Aðsókn að ráðstefnunni var framar okkar björtustu vonum, en um 140 manns sóttu ráðstefnuna. Okkar ágætu styrktaraðilar og fleiri fyrirtæki komu og sýndu og kynntu vörur sínar. Það er alltaf skemmtilegt að skoða nýjar vörur og spjalla við þá sem eru að kynna vörurnar og fá góð ráð og nauðsynlegur partur af góðri ráðstefnu.

Eftir eins árs starf SumS er ekki úr vegi að skoða hvernig til hefur tekist. Við höfum haldið 3 fundi eða ráðstefnur sem hafa verið auglýstar og opnar öllum. Aðsókn hefur verið góð og augljóst er að áhugi er mikill. Við erum fá en ekki smá. Flest samtök af þessu tagi eru með einhvers konar útgáfu málgaðs. Ég held þó að SumS fari ekki út í tímaritaútgáfu að svo stöddu. SumS er hins vegar aðili að Evrópsku sárasamtökunum og við eigum að fá þeirra tímarit sent til okkar. Jafnframt njótum við velvildar frænda okkar Dana og hefur boðist að gerast áskrifendur að danska sárablaðinu, Sår, á hagstæðum kjörum. Okkur býðst jafnframt að birta greinar í því blaði. Mér finnst þetta mjög áhugavert og munum við kynna þetta nánar á heimasíðu SumS, [www.sums-is.org](http://www.sums-is.org).

Á heimasíðunni hefur verið opnuð spjallsíða og hvet ég félagsmenn jafnt sem aðra að koma með athugasemdir og viðra þar skoðanir sínar, faglegar jafnt sem pólitískar.

Nu er der gået godt et år siden **SumS Islandsk selskab for Sårheling** blev stiftet. De første vaklende skridt er taget og man ser til bage og spørger sig selv var der/ er der brug for et selskab der beskæftiger sig "kun" med sår i Island? Emnet er specifikt og vi er jo så få at vi kommer f.eks. ikke til med at udgive vores eget tidsskrift som der gerne er skik for i sådanne selskaber. Islands indbyggertal på 295.000 er kun ca. halvdelen af indbyggertallet i Københavns kommune alene!! Kan vi forvente at vores selskab kommer til med at være af nogen betydning? Kan vi gøre noget så få som vi er? Hvad er der sket i det her første år?

Vi har holdt 3 seminarer. På jubilæumsdagen holdt vi symposium hvor vi hørte mange interessante foredrag. Vi fik bl.a. gode gæster fra Danmark. Annette Norden blev ringet op et par dage før symposiet og spurgt om hun kunne tænke sig at komme op og holde foredrag om VAC. Det er faktisk lidt af en sær islandsk skik at tingene skal klares i sidste øjeblik! Men så kvik som hun er, så tog hun udfordringen og præsenterede et meget interessant foredrag. Endvidere holdt Ulla Moe et foredrag om tryksår og forebygning. Deltagelse til symposiet... ja den var langt over forventning. Mellem 140 og 150 mennesker deltog! Der var en god stemning og deltagerne havde stor appetit for viden. Reaktion som denne med så mange mennesker der melder sig til et åbent symposium, fortæller os at der virkelig er et behov for et selskab som vores og vi føler at der er begyndt at opstå flere diskussioner på tværs af faggrupper om sår og at man småt er ved at opdage at der er noget der hedder "sårbehandling".

Vi er blevet hjulpet i gang med meget god støtte og velvilje fra vores gode kolleger og naboer i Danmark og det er en rar fornemmelse at vide at vi kan se frem til endnu mere samarbejde i fremtiden. I vores selskab har vi blandt andet diskuteret meget sygesikringens deltagelse i bandageomkostninger da det kan have stor indflydelse på behandling, især hos hjemmeplejepatienter. Det var derfor meget interessant at høre diskussionen på DSFS årsmøde om netop dette emne den 18.november.

En anden sag vi har diskuteret meget inden for vores selskab er hvor uhyre vigtigt det er at sårbehandling er et tværfagligt samarbejde. Vi diskuterer nu åbent om selskabet på en eller anden måde kan have indflydelse og fremme dette samarbejde.

Endvidere så har vi åbnet en hjemmeside hvor vi blandt andet lige har åbnet en brevkasse.

Så alt i alt, set i bakspejlet så er der et behov at dække, der er arbejde forud og vi glæder os til et fremtidigt godt samarbejde med vores danske kolleger.

Guðbjörg Pálsdóttir  
Sygeplejerske  
Reykjavík